

Reglur um almennt hæfi lykilstarfsmanna

Reglur þessar skulu endurskoðaðar minnst árlega eða oftár ef þörf krefur.

1. Markmið

Byggðastofnun leggur ríka áherslu á að allt starfsfólk hennar búi yfir fullnægjandi færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin.

Markmið reglna þessara er að draga úr rekstrar- og orðsporsáhættu stofnunarinnar, með lágmarkskröfum um hæfi tiltekinna lykilstarfsmanna, en eðli máls samkvæmt eru gerðar strangari kröfur til þeirra en annarra starfsmanna.

Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna.

2. Lykilstarfsmenn Byggðastofnunar

Samkvæmt 8. tölulíð 1. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki er lykilstarfsmaður skilgreindur sem einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fjármálafyrirtækis.

Að mati stjórnar Byggðastofnunar teljast eftirtaldir aðilar ávallt til lykilstarfsmanna:

- Forstöðumaður fyrirtækjasviðs
- Forstöðumaður lögfræðisviðs
- Forstöðumaður rekstrarsviðs
- Forstöðumaður þróunarsviðs

3. Hæfisskilyrði

Lykilstarfsmaður skal ætíð uppfylla eftirtalin hæfisskilyrði:

- Hann skal búa yfir fullnægjandi menntun, færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að sinna starfi sínu og inna af hendi þau verkefni sem honum eru falin.
- Hann skal hafa óflekkað mannorð og vera lögráða og fjárhagslega sjálfstæður og má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota. Þá má hann ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað, eða hafa sýnt af sér aðra háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa viðskiptahætti hans eða siðferði

Verði breytingar á högum eða stöðu lykilstarfsmanns, sem kunna að hafa áhrif á hæfi hans, ber honum skylda til að tilkynna tafarlaust um slíkt til forstjóra.

Starfsmaður skal ekki talinn hæfur lykilstarfsmaður og skal ekki hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu stofnunarinnar, ef vafi leikur á því hvort hann uppfyllir framangreind skilyrði, eða það sé mat stjórnar að hann auki rekstrar- og/eða orðsporsáhættu stofnunarinnar.

4. Mat á hæfi

Forstjóri metur hæfi lykilstarfsmanna við ráðningu og skal það mat endurtekið ef þörf er á, t.d. ef reglur breytast.

Við mat á því hvort umsækjandi um stöðu lykilstarfsmanns uppfylli hæfissskilyrði 4. gr. reglna þessara skal fara fram bæði huglægt og hlutlægt mat á viðkomandi. Mat þetta skal framkvæmt áður en til ráðningar kemur, að undanskildu sérstöku hæfisprófi regluvarðar. Ef umsækjandi hefur áður sætt hæfismati hjá stofnuninni má taka tillit til þess við síðari hæfismöt.

Þekking starfsmanna á starfsreglum Byggðastofnunar er að auki könnuð reglulega og skal það gert að minnsta kosti árlega.

Lykilstarfsmanni er skylt að veita allar upplýsingar, sem forstjóri metur nauðsynlegar til að framkvæma hæfismat.

5. Þátttaka lykilstarfsmanna í stjórnun og atvinnurekstri

Forstjóri metur það hvort þátttaka í stjórnun eða atvinnurekstri teljist samrýmanleg starfi lykilstarfsmanns.

Við mat á því hvort þátttaka í stjórnun og atvinnurekstri teljist samrýmanleg starfi lykilstarfsmanns Byggðastofnunar er horft til stöðu viðkomandi starfsmanns innan stofnunarinnar og þess hvort slík þátttaka komi niður á störfum hans. Lykilstarfsmönnum er ekki heimilt að taka þátt í stjórnun og/eða atvinnurekstri ef starfsemin felur í sér hugsanlega hagsmunaárekstra eða er líklega til að skaða orðspor stofnunarinnar.

6. Skráning lykilstarfsmanna

Forstöðumaður rekstrarsviðs skal halda skrá yfir lykilstarfsmenn. Í skránni skal koma fram hvaða stöður viðkomandi gegna og hvers vegna þeir teljist til lykilstarfsmanna.

Forstöðumaður rekstrarsviðs skal ennfremur halda utan um þau gögn sem aflað er vegna hæfismats lykilstarfsmanna, þ. á m. starfslýsingar.

Reglur þessar taka þegar gildi og skulu birtar á heimasíðu Byggðastofnunar.

Samþykkt á fundi stjórnar Byggðastofnunar 14. febrúar 2014.